

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 148

18. júní 2026

Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar fundaði í húsnæði skólans mánudaginn 18. júní kl. 12:45.

Mætt eru: Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Flosi Hrafn Sigurðsson, Bjarni Rúnar Bequette (í forföllum Guðrúnar Völu Elísdóttur), Þórður Brynjarsson, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur

Formaður stjórnar setur fyrsta fund nýrrar stjórnar Menntaskóla Borgarfjarðar.

2. Aðalfundur Nemendagarða ehf

Rætt um Nemendagarða MB ehf.

Framundan er aðalfundur Nemendagarða MB ehf. Skólameistara er falið að mæta á aðalfundinn fyrir hönd Menntaskóla Borgarfjarðar. Stjórn MB tilnefnir neðangreinda aðila í stjórn Nemendagarða MB:

Aðalmenn: Bragi Þór Svavarsson skólameistari, Guðrún Vala Elísdóttir og Flosi Sigurðsson.

Varamenn: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir (sem varamaður formanns stjórnar), Sigursteinn Sigurðsson og Inga Dóra Halldórsdóttir.

3. Aðalfundur Nemendagarða hses

Framundan er aðalfundur Nemendagarða MB hses. Skólameistara er falið að mæta á fundinn fyrir hönd Menntaskóla Borgarfjarðar. Stjórn MB tilnefnir neðangreinda aðila í fulltrúaráð Nemendagarða hses.

Flosi Hrafn Sigurðsson, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson, Þórður Brynjarsson, Guðrún Vala Elísdóttir, Veronika Guðrún Sigurvinsdóttir og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Stjórn MB tilnefnir í stjórn Nemendagarða MB hses:

Sindri Sigurgeirsson (formaður stjórnar) og Erla Rún Rúnarsdóttir (aðalmaður)

Varamaður; Jóhanna María Sigmundsdóttir

4. Umsóknir fyrir haustönn 2026

Skólameistari fór yfir stöðu umsókna fyrir skólaárið 2026-2027.

Staða umsókna er almennt góð, og áberandi áhugi frá sveitarfélögum á Vesturlandi og víðar. Umræður fóru fram í kjölfarið.

5. Önnur mál

1. Rætt um almennt starf MB.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 13:20